

Alþingi
Erindi nr. P 139/1474
komudagur 23. 3. 2004



TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2004
UBÓ/KSG/026/04

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á tryggingamálum verknámsnema, 225. mál.

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 1. mars 2004 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um úttekt á tryggingamálum verknámsnemenda, 225. mál.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að gerð verði úttekt á stöðu tryggingamála nemenda í verknámi framhaldsskólastigs. Kannað verði hver staða þessara mála sé, hvort slys á nemendum í verknámi séu skráningarskyld, hver kostnaður við slíka tryggingu sé, hver sé fjöldi nemenda í verknámi og annað er nýtast kann við slíka úttekt.

Tryggingastofnun telur tillöguna jákvæða og að sjálfsagt sé að kanna þessi mál. Stofnunin bendir á að í b-lið 1. mgr. 24. gr. laga um almannatryggingar er ákvæði um slysatryggingar tiltekins hóps nemenda. Samkvæmt ákvæðinu eru slysatryggðir nemendur við iðnnám í löggiltum iðngreinum, háskólanemar og nemar í starfsnámi sem stunda nám í heilbrigðisgreinum og raunvísindum þegar þeir sinna verklegu námi. Ákvæði þetta kom inn í almannatryggingalög með lögum nr. 74/2002 en fyrir þá lagabreytingu voru einungis iðnnemar slysatryggðir. Í umsögn sinni til heilbrigðis- og trygginganefndar um frumvarpið sem varð að lögum nr. 74/2002, dags. 1. mars 2002, velti Tryggingastofnun upp þeirri spurningu hvort ekki væri ástæðulaust að tilgreina sérstaka hópa nemenda og einfaldlega slysatryggja í staðinn alla nemendur í viðurkenndu framhaldsnámi þegar þeir sinna ólaunuðu verklegu námi. Tryggingastofnun ítrekar hér með þessa skoðun sína enda felst ákveðin mismunun í því að tryggja einungis tiltekna hópa nemenda sem sinna verklegu námi.

Virðingarfyllst,

Karl Steinar Guðnason
forstjóri